

STARFSREGLUR

um kirkjuráð nr. 817/2000,

sbr. starfsrgl. nr. 786/2002, nr. 1005/2005, nr. 1030/2007,
nr. 954/2010, nr. 1036/2012, nr. 306/2016 og nr. 1293/2016.

1. gr.

■ Kirkjuráð starfar á grundvelli laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

2. gr.

■ Kirkjuráð er, auk biskups Íslands, sem er forseti ráðsins, skipað fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum, sem kirkjuþing kýs.

3. gr.

■ Kirkjuráð fer með framkvæmdavald í málefnum þjóðkirkjunnar eftir markaðri stefnu laga og samþykktu kirkjuþings. Ráðið fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra.

□[Forseti kirkjuráðs ber ábyrgð á undirbúningi og skipulagningu funda kirkjuráðs, þ.m.t. gerð dagskrár í samráði við framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs fer með fyrirvar ráðsins milli funda í samráði við forseta ráðsins. Kirkjuráðsmenn geta starfað að málefnum kirkjuráðs milli funda ef þeim hefur verið falið það af ráðinu eða um nefndarstörf sé að ræða á vegum ráðsins, sem viðkomandi hefur verið skipaður til. Ráðningarsamningar vegna starfsmanna kirkjuráðs, þ.m.t. launasetningar, breytingar á þeim og slit þeirra skulu ræddir og ákvarðanir um þá teknar á kirkjuráðsfundi. Veita má einstökum kirkjuráðsmönnum eða öðrum umboð til að fylgja eftir ákvörðunum kirkjuráðs hvað þetta varðar sem og varðandi önnur mál.]¹⁾

□[Kirkjuráð getur haft aðsetur á biskupsstofu.]²⁾

Kirkjuráð ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf sem skal kynnt á kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum ráðsins og hefur umsjón og eftirlit með störfum og verkefnum á vegum þess skv. nánari fyrirmælum ráðsins.

1) Starfsrgl. 1293/2016, 1. gr.

2) Starfsrgl. 1293/2016, 2. gr.

4. gr.

■ Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta kirkjuþings.

5. gr.

■ Kirkjuráð skal gera grein fyrir helstu ákvörðunum sínum og starfsemi frá síðasta kirkjuþingi hverju sinni, sbr. starfsreglur um kirkjuþing.¹⁾ Með skýrslu kirkjuráðs skulu fylgja skýrslur kirkjulegra stofnana og stjórna sem heyra undir ráðið eða kirkjuþing óskar eftir. Einnig skal leggja fram heildaryfirlit yfir fjármál þjóðkirkjunnar og fjárhagsstöðu sjóða og verkefna. Skylt er að leggja fram í þingnefndum hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir á þingfundi eða í nefndum, nema lög mæli á annan veg.

□Fjárhagsáætlun fyrir næsta almanaksár ásamt endurskoðuðum reikningum liðins árs skal leggja fram til umræðu og ályktunar.

□[Ákveði kirkjuráð greiðslu umfram fjárhagsáætlun skal fjárhagsáætlun breytt til samræmis og lögð fyrir kirkjuþing samhliða fjárhagsáætlun næsta árs.]²⁾

1) Heiti starfsreglnanna er: Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

2) Starfsrgl. 1293/2016, 3. gr.

6. gr.

■Kirkjuráð framfylgir, í samráði við forseta kirkjuþings, stefnumörkun þingsins og samþykktum þess, svo og ákvæðum starfsreglna þess.

□[Kirkjuráð skal sjá um að fjárstjórn sjóða og stofnana er undir ráðið heyra sé jafnan í réttu og góðu horfi og að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna þeirra. Kirkjuráð getur ráðið sér starfsfólk til að sinna því eftirlitshlutverki sem því er ætlað að hafa.

□Kirkjuráð skal leggja fyrir þingið til kynningar endurskoðaða ársreikninga sjóða og stofnana sem undir ráðið heyra fyrir síðasta fjárhagsár.

□Enga greiðslu má inna af hendi úr þeim sjóðum sem undir kirkjuráð heyra án samþykkis þess.

□Kirkjuráð getur ákveðið að semja við embætti biskups Íslands eða aðrar stofnanir þjóðkirkjunnar að annast afmörkuð verkefni sem kirkjuráði ber að sinna eða ráðið ákveður að stofna til. Hafi þau verkefni í för með sér fjárútlát, skal kirkjuráð tryggja, að nægt fé sé á hverjum tíma lagt af tekjum kirkjunnar, skv. 7. gr., til að standa straum af kostnaði við þau.

□Undirritun meirihluta fulltrúa kirkjuráðs skuldbindur þá sjóði sem ráðið stýrir við meiriháttar samningsgerð eins og við sölu fasteigna.

□Kirkjuráð veitir prókúruumboð vegna þeirra sjóða eða stofnana sem undir ráðið heyra.]¹⁾

1) Starfsrgl. 1293/2016, 4. gr.

7. gr.

■Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til hennar á fjárlögum og hefur yfirumsjón með ráðstöfun og varðveislu fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi.

□[Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun þess fjár, innan lögmæltra marka, sem árlega rennur til kirkjunnar sem gagngreiðsla íslenska ríkisins á grundvelli samninga um kirkjueignir og prestssetur.

□Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár, innan lögmæltra marka, sem sjóðir eða stofnanir sem undir ráðið heyra afla með frjálsum framlögum, eða fjár sem rennur með öðrum hætti til þeirra frá opinberum aðilum, en tilgreint er í 2. og 3. mgr.

□Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fasteignum kirkjumálasjóðs, sbr. starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar.²⁾]¹⁾

1) Starfsrgl. 1293/2016, 5. gr.

2) Starfsrgl. 950/2009, með síðari breytingum.

8. gr.

■Kirkjuráð fer með stjórn eftirtalinna sjóða kirkjunnar og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn þeirra:

a) Kristnisjóðs, sbr. lög um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970,

b) Jöfnunarsjóðs sókna, sbr. lög um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987 og reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna nr. 206/1991¹⁾,

c) kirkjumálasjóðs, sbr. lög um kirkjumálasjóð nr. 38/1993²⁾,

d) sjóða þar sem svo er mælt fyrir í skipulagsskrá eða sambærilegum heimildum.

1) Breytingar hafa orðið á reglugerðinni, sbr. rgl. 81/1999, 1130/2005 og 27/2010.

2) Númer laga um kirkjumálasjóð hefur misritast í starfsreglunum; númerið er: 138/1993.

9. gr.

■ Úthlutun úr sjóðum kirkjunnar og starfsemi á þeirra vegum skal hagað til samræmis við lög og önnur fyrirmæli. Úthlutun úr Kristnisjóði og kirkjumálasjóði skal að jafnaði vera lokið fyrir upphaf næsta úthlutunarárs og úr Jöfnunarsjóði sókna samkvæmt því sem mælt er fyrir í lögum og reglum um sjóðinn á hverjum tíma. Ársreikningar sjóða vegna næstliðins árs skulu að jafnaði hafa verið lagðir fram og samþykktir í maímánuði. Hið sama gildir um endurskoðun fjárhagsáætlana ársins ef ástæða þykir til. Fjárhagsáætlanir sjóða og starfs- og rekstraráætlanir einstakra viðfangsefna fyrir næsta almanaksár skulu að jafnaði lagðar fram og samþykktar fyrir 1. október.

10. gr.

■ [Kirkjuráð fer með málefni eftirtalinna kirkjustaða og stofnana:

- a) Skálholts, þ.m.t. Skálholtsskóla, sbr. lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað nr. 32/1963 og lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993.
- b) Löngumýrar, sbr. samþykkt kirkjuþings 1994.
- c) [...] ²⁾ Hjálparstarfs kirkjunnar, Kirkjuhússins –Skálholtsútgáfunnar og Tónskóla þjóðkirkjunnar, sbr. ákvæði gildandi starfsreglna, staðfesta skipulagsskráa og annarra heimilda hverju sinni.] ¹⁾
- d) [Fasteignasvið, sbr. starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009.] ³⁾

1) Starfsrgl. 1030/2007, 5. gr.

2) Starfsrgl. 954/2010, 5. gr.

3) Starfsrgl. 1293/2016, 6. gr.

11. gr.

■ [Kirkjuráð skipar eftirtaldar nefndir og stjórnir:

- a) Skólanefnd Skálholtsskóla, sbr. lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993.2)
- b) Stjórn Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sbr. starfsreglur um sérhæfða þjónustu kirkjunnar við fjölskylduna.3)
- c) [Kirkjutónlistarráð, sbr. starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 817/2000.]4)
- d) Löngumýrarnefnd, er stýrir starfi kirkjumiðstöðvarinnar á Löngumýri.5)
- e) Fagráð vegna kynferðisbrota, sbr. starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar.6)

□ Kirkjuráð skal skipa í hverja nefnd þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður nefndar og varamaður hans, nema lög eða starfsreglur mæli annan veg.] ¹⁾

1) Starfsrgl. 1030/2007, 5. gr. Sjá áður breytingar á 11. gr., sbr. starfsrgl. 786/2002, 1. gr. og starfsrgl. 1005/2005, 4. gr.

2) 1. mgr. 4. gr. laganna.

3) Starfsrgl. um sérhæfða þjónustu kirkjunnar við fjölskylduna nr. 824/2000 voru felldar brott með starfsrgl. um Félagsþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009, 7. gr. Félagsþjónusta kirkjunnar var lögð niður sem stofnun með starfsrgl. 954/2010, 11. gr. en eigi að síður ræður kirkjuráð forstöðumann Félagsþjónustu kirkjunnar, sbr. starfsrgl. 951/2009, 4. gr. Sjá í því sambandi enn fremur ákv. til bráðabirgða í starfsrgl. 951/2009. Láðst hefur að fella niður heitið stofnun í 5. gr. starfsrgl. 951/2009.

4) Starfsrgl. 306/2016, 1. gr. Sjá áður staflíð c) sem felldur var brott með starfsrgl. 954/2010, 5. gr. Misritun er í tilgreiningu starfsrgl. um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar, þar ætti að standa starfsrgl. 768/2002 í stað 817/2000. Starfsrgl. 768/2002 voru felldar brott með nýjum starfsrgl. 1074/2017, 13. gr. Skipun kirkjutónlistarráðs, 6. gr. í nýju starfsrgl.

5) Sjá reglur um Löngumýrarskóla í Skagafirði samþykktar á kirkjuþingi 1994, 4. gr.

6) Starfsrgl. um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 739/1998 voru felldar brott með nýjum starfsrgl. með sama heiti nr. 955/2009, 11. gr. Skipun fagráðs um meðferð kynferðisbrota, 3. gr. í nýju starfsrgl.

12. gr.

Kirkjuráð getur skipað nefndir til að fjalla um einstök mál, ef nauðsyn krefur svo og starfsnefndir sem eru ráðinu til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun og sinna tilteknum verkefnum samkvæmt erindisbréfi, enda sé gert ráð fyrir útgjöldum þess vegna í fjárhagsáætlun. Nefndirnar starfa í umboði og á ábyrgð kirkjuráðs. Enn fremur getur kirkjuráð með sama hætti skipt með sér verkum milli funda og annast um tiltekin verkefni. Kirkjuráð tilnefnir tvo nefndarmenn í þóknananefnd kirkjunnar, sbr. starfsreglur um kirkjuþing.

13. gr.

[...]¹⁾

1) Starfsrgl. 1030/2007, 5. gr.

14. gr.

■ Kirkjuráð er í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, sbr. lög um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar nr. 12/1982.¹⁾

1) Sjá 2. gr. laga nr. 12/1982.

15. gr.

■ [Kirkjuráð hefur, auk annarra verkefna sem greinir í starfsreglum þessum, eftirtalin verk með höndum:

- a) Fjallar um erindi frá sóknarnefndum vegna fyrirhugaðra fjárfrekra framkvæmda svo og vegna fjárhagsörðugleika, sbr. starfsreglur um sóknarnefndir.²⁾
- b) Tekur afstöðu til áfrýjunar úrskurða úrskurðarnefndar og hafa yfirumsjón með því að úrskurðum úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar sé framfylgt, sbr. starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd.³⁾
- c) Ábyrgist, ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum, að farið sé að jafnréttislögum⁴⁾ og að einstökum ákvæðum jafnréttisáætlunar kirkjunnar sé framfylgt.
- d) Gefur út lög og reglur á sviði kirkjumála og annast dreifingu og kynningu þeirra með viðhlítandi hætti.
- e) Svarar fyrirspurnum kirkjuþings sem til þess er beint.
- f) Veitir úrlausn í málum sem skotið er til ráðsins með stjórnslukæru vegna ákvarðana eða aðgerða kirkjulegra aðila sem undir það heyrar.

□ Leikmenn í kirkjuráði sitja leikmannastefnu, sbr. starfsreglur um leikmannastefnu.⁵⁾¹⁾

1) Starfsrgl. 1030/2007, 5. gr. Við birtingu staflíða d) og e) í 5. gr. starfsrgl. 1030/2007 misritaðist röð þeirra þannig að e) varð á undan d) og staflíður e) tilgreindur aftur þar á eftir í stað staflíðar f). Röð þessara staflíða hefur verið leiðrétt hér.

2) Starfsrgl. 1111/2011, með síðari breytingum.

3) Starfsrgl. 730/1998, með síðari breytingum. Heiti starfsreglnanna er: Starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar.

4) Heiti laganna er: Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

5) Starfsrgl. 874/2004, með síðari breytingu.

16. gr.

■ Kirkjuráð heldur fund mánaðarlega að jafnaði. Heimilt er að fella niður einn fund á tímabilinu júní – ágúst ár hvert. Forseti ráðsins getur boðað til aukafundar ef brýna nauðsyn ber til. Einnig skal halda fund ef tveir eða fleiri kirkjuráðsmenn óska þess.

□ [Heimilt er kirkjuráðsmönnum að taka þátt í kirkjuráðsfundi með fjarfundarbúnaði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.]¹⁾

□Fund skal boða með dagskrá, bréfluga eða í tölvupósti, með viku fyrirvara að jafnaði. Jafnframt skulu erindi sem óskað er eftir að tekin séu fyrir í kirkjuráði hafa borist fyrir fundarboðun.

1) Starfsrgl. 1293/2016, 7. gr.

17. gr.

■[Kirkjuráð ræður sér fundarritara. Hann ritar fundargerð sem borin skal upp til samþykktar á fundinum með undirskrift fundarmanna. Í fundargerð skal greina stutt og skilmerkilega frá framlagningu máls og niðurstöðu í því. Fundargerð skal send kirkjuþingsmönnum²⁾ að fundi loknum. Samþykkt fundargerð er opinber og öllum aðgengileg, eigi síðar en þrem dögum eftir fund.

□Kirkjuráð getur ákveðið að halda lokaða fundargerðabók fyrir málefni sem falla undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.]¹⁾

1) Starfsrgl. 1293/2016, 8. gr.

2) Í 4. málsl. 1. mgr. 8. gr. starfsrgl. 1293/2016 átti að standa orðið „kirkjuráðsmönnum“ í stað „kirkjuþingsmönnum“. Stjórnartíðindi leiðréttu þessa villu 4. maí 2017.

18. gr.

■Forseti kirkjuráðs stýrir fundi. Í forföllum biskups eða kærumáli sem biskup telst vanhæfur til ákvörðunar í, skal sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu stýra fundi, sbr. 15. gr. laga nr. 78/1997. Fresta skal afgreiðslu máls til næsta fundar ef tveir eða fleiri kirkjuráðsmenn óska þess en þeir geta ekki krafist frests öðru sinni.

19. gr.

[Varamenn í kirkjuráði fái send öll opinber gögn af fundum kirkjuráðs.]¹⁾

1) Starfsrgl. 1036/2012, 1. gr.

[20. gr.]¹⁾

■Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni er varða kirkjuþing, undirbúning þess eða framkvæmd samþykta þess eru til umfjöllunar. Kirkjuráð getur óskað eftir því í samráði við forseta kirkjuþings að formenn fastra þingnefnda, einn eða fleiri, mæti á fundi ráðsins.

1) Starfsrgl. 1036/2012, 2. gr.

[21. gr.]¹⁾

■Vígslubiskupar sitja fundi kirkjuráðs þegar sérstök málefni vígslubiskupsstólanna eða embættanna eru rædd. [...]²⁾

1) Starfsrgl. 1036/2012, 2. gr.

2) Starfsrgl. 954/2010, 5. gr.

[22. gr.]¹⁾

■Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2001.

1) Starfsrgl. 1036/2012, 2. gr.